

## Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 23. maí 2012  
Árni Sigurjónsson

Ágætu fulltrúar hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

Á nýliðnu rekstrarári fagnaði Landskerfi bókasafna hf. tímamótum því 14. nóvember voru liðin tíu ár frá stofnun félagsins. Félagið hefur á þeim tíma náð mikilvægum markmiðum sínum í upplýsingatækniþjónustu fyrir bókasöfn landsins og reksturinn er í góðu horfi þrátt fyrir nokkurt tap á árinu og eignastaðan er góð.

Í þessari skýrslu ræði ég fyrst málefni hlutafélagsins, þá rekstur og verkefni á liðnu ári og rekstrarhorfur og velti að lokum upp spurningum um framtíðina.

Tveir nýir aðilar, Bolungarvíkurkaupstaður og Ísafjarðarbær, bættust við í hóp hluthafa í upphafi árs 2012. Alls eru hluthafar nú fimmtíu og sex talsins. Með þessari viðbót styrkist staða félagsins enn og bjóðum við þessi nýju bæjarfélög og söfn þeirra velkomin í hópinn og hlökkum til samstarfsins sem þegar er raunar hafið.

Aðalfundur félagsins samþykkti árið 2002 að veita heimild til aukningar hlutafjár og hefur hún verið nýtt með fjölgun hluthafa. Fjölgunin hefur verið kynnt jafnóðum á hluthafafundum og upplýst um hana á vef félagsins auk þess sem hlutabréfunum hefur verið þinglýst. Þau mistök voru hins vegar gerð að annars vegar gleymdist að framlengja heimild til hlutafjárukningar og hins vegar gleymdist að skrá nýja fjárhæð hlutafjár í samþykktir á aðalfundum og tilkynna breytinguna til hluthafaskrár. Biðjumst við velvirðingar á þessum mistökum og hefðu þau getað verið afdrifarík ef barist hefði verið um yferráð í félaginu; en svo hefur auðvitað ekki verið enda er þessi rekstur sérstakur um margt: ríkið hefur alltaf átt meirihluta í félaginu og markmið rekstrarins er ekki að skila hagnaði enda koma rúmlega 90% þjónustutekna frá hluthöfum.

En víkjum nú að rekstri Landskerfis bókasafna og afkomu. Rekstargjöld ársins 2011 voru 114,0 m.kr. og var rekstrartap ársins fyrir fjármagnstekjur 5,1 m.kr. Heildarniðurstaða ársins 2011 er að tap varð 2,4 m.kr. en árið áður nam hagnaður 3,0 m.kr. Það er einkum tvennt sem skýrir þessa lækkun hagnaðar. Í fyrsta lagi veitti félagið afslátt frá verðskrá sinni vegna eindreginna óska viðskiptavina okkar sem margir glímdu við erfiðar rekstraraðstæður. Þessi afsláttur var tímabundinn og aðeins veittur árið 2011 og fólst í 5% lækkun sem féll úr gildi 1. janúar 2012. Í öðru lagi lækkuðu vaxtatekjur félagsins vegna nýrra fjárfestinga upp á 11,1 m.kr. sem minnkuðu handbært fé, og lækkandi innlánsvaxta; voru vaxtatekjurnar 5,2 m.kr. árið 2010 en 2,7 m.kr. 2011. Án þeirrar breytingar einnar hefði félagið skilað hagnaði nú. Félagið er fjárhagslega vel sett og hefur fjárfest í nýjum hug- og vélbúnaði á hverju ári án þess að leita sérstaklega til hluthafanna um fjármagn til þess. Auk þessara meginþátta hefur lækkun gengis krónunnar jafnan neikvæð áhrif á rekstur félagsins vegna erlendra þjónustusamninga. Laun hafa hækkað í takt við almenna kjarasamninga, hýsingarkostnaður jókst nokkuð tímabundið vegna aukinna umsvifa og afskriftakostnaður má segja að hafi verið í hámarki árið 2011 en lækkar árið 2012 og næstu ár því nú hefur upphaflegur stofnkostnaður félagsins verið afskrifaður að fullu. Tap ársins 2011 var fyrirséð eins og kemur fram í skýrslu sem ég flutti fyrir hönd stjórnar á aðalfundi félagsins fyrir ári.

Horfur í rekstri félagsins fyrir árið 2012 og næstu árin eru hins vegar í megindráttum góðar. Ástæðan er ekki síst sú að félagið hefur lokið afskriftum á aðalkerfi sínu, Gegni, en sá reikningsliður hefur numið á milli 7 og 8 m.kr. á ári undanfarin ár. Þá náði félagið hagstæðum hýsingarsamningi nú í byrjun árs og hefur lokið innleiðingu hins nýja kerfis leitir.is sem hafði nokkurn kostnað í för með sér. Heildareignir í árslok eru 128,2 m.kr., þar af er eigið fé 123 m.kr. Eiginfjárhlutfall er 96% og veltufjárhlutfall 20.

Næst skal vikið að kerfisrekstri og öðrum verkefnum félagsins. Skráðir titlar í Gegni í lok apríl 2012 voru rúmlega 1 milljón talsins, en fjöldi eintaka var þá um 5,2 milljónir. Á sama tíma fyrir ári var fjöldi titla í Gegni tæplega 994 þúsund en eintakafjöldi tæplega 5 milljónir eintaka. Útlánnum fækkar nokkuð á milli ára, þau voru um 305 þúsund í lok apríl 2011 en eru tæplega 280 þúsund í lok apríl 2012.

Síðastliðið sumar var tekin upp ný útgáfa af Aleph, útgáfa 20 sem er Windows 7 samhæfð. Ýmsar breytingar, sem komu með nýrri útgáfu, lutu að bættu vinnuumhverfi skrásetjara í skráningarþætti Gegnis, aðgengi að keyrslum og verkstjórnarþætti var bætt við og utanumhald starfsmannaheimilda var einfaldað, svo nokkuð sé nefnt. Útgáfa 20 hafði

einnig að geyma ýmsa nauðsynlega virkni sem gerir samþættingu Gegnis og Primo hugbúnaðarins mögulega. Vinnan við uppfærslu gekk mjög vel en um var að ræða samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna, Ex Libris og Nýherja sem unnið var undir verkstjórn starfsfólks Landskerfisins.

Annað stórt verkefni á árinu 2011 var undirbúningur þess að taka nýjan hugbúnað, fyrrnefnt Primo í notkun. Vinnan fólst meðal annars í því að gera fjölmörg gagnasöfn leitarbær samtímis í þessari nýju leitargátt og samræma birtingu leitarniðurstaðna úr gagnasöfnunum. Gagnasöfnin, sem um ræðir, voru *Bækur.is*, sem er stafræn endurgerð gamalla íslenskra bóka, *Elib*, sem er áskrift bókasafns Norræna hússins að rafrænum bókum, *Gegnir*, sem er samskrá íslenskra bókasafna, *Hirsla*, sem geymir vísinda- og fræðigreinar starfsmanna Landspítala-háskólasjúkrahúss, *Hvar.is*, sem er landsaðgangur að erlendum gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, *Myndavefur Ljósmyndasafns Reykjavíkur*, sem inniheldur fjölmörg ljósmyndasöfn í eigu safnsins, *Skemman*, sem er safn námsritgerða og rannsóknarita háskólanna, og *Timarit.is* sem veitir aðgang að fjölmörgum dagblöðum og tímaritum sem hafa verið gefin út á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Auk vinnu við gögn þurfti að staðfæra ýmsa virkni leitargáttarinnar og aðlaga að íslenskum aðstæðum, kerfið var íslenskað, þjónusta á borð við árveknipjónustu var virkjuð og svo framvegis. Útlit vefsins var hannað af Hrími hönnunarhúsi en um vefforritunina sáu Landskerfi bókasafna og hugbúnaðarhúsið Miracle. Leitarvefurinn var opnaður í prófunarumhverfi í marsmánuði 2011 og í kjölfarið var leitað eftir ábendingum frá starfsmönnum bókasafna um það sem betur mætti fara, meðal annars í gegnum vefkönnun. Einnig var efnt til samkeppni um nafn á vefinn. Vefurinn var opnaður formlega á afmælisráðstefnu félagsins þann 11.11.11. og fékk þá nafnið Leitir.

Hugbúnaðurinn á bak við leitir.is heitir Primo og er hann framleiddur af Ex Libris. Á vefnum er hægt að leita samtímis í Gegni, tengdu stafrænu íslensku efni ásamt erlendum áskriftum að stafrænu vísindaefni í Landsaðgangi. Hraðvirk samleit af því taginu sem er möguleg í leitir.is er nýjung í safnaheimum á Íslandi. Leitir.is samrýmist stefnu íslenskra stjórnvalda, ríkisins og margra sveitarfélaga í upplýsingamálum og er í takt við tækniþróun á vettvangi bókasafna erlendis. Hún uppfyllir að talsverðu leyti óskir upplýsingaleitenda í dag um nútímalegt leitarumhverfi, gagnvirka upplýsingamiðlun og fjölbreytta þjónustu svo nokkuð sé nefnt. Bylting hefur orðið í aðgengi að Landsaðgangi enda er nú samleit möguleg í tímaritsgreinum en ekki aðeins tímaritatitlum líkt og áður var. Í dag er það fyrst og fremst

safnkostur íslenskra bókasafna sem er leitarbær í leitir.is en að því er stefnt að bæta við öðrum gagnasöfnum. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur eru þegar aðgengilegar í leitir.is og er það vísir að því sem koma skal, aðgengi á einum stað að bókasöfnum, minja- og listasöfnum, skjalasöfnum ásamt fleiri gagnasöfnum.

Þann 14. nóvember síðastliðinn voru liðin tíu ár frá stofnun félagsins. Í tilefni afmælisins efndi félagið til ráðstefnu í Þjóðmenningarhúsi 11. nóvember undir yfirskriftinni *Nýmiðlun — söfnin — netið*. Fjöldmargir fyrirlesarar fluttu erindi á ráðstefnunni. Aðalfyrirlesarinn var Marshall Breeding, sem er forstöðumaður þróunar og rannsókna við bókasafnið í Vanderbilt háskólanum í Bandaríkjunum og hann heldur einnig úti tímaritinu *Library Technology Guides* þar sem meðal annars er fjallað um þróun í upplýsingakerfum bókasafna. Yfirskrift erindis hans var: *Next-generation Library Management and Discovery: Digital content and e-books drive innovation*. Aðrir fyrirlesarar fjölluðu um rafræna útgáfu frá ýmsum sjónarhornum. Undir lok ráðstefnunnar opnaði Katrín Jakobsdóttir, ráðherra mennta- og menningarmála, hinn nýja vef, sem nú fékk nafnið Leitir í íslenskri gerð sinni. Ráðstefnan var vel sótt og lauk henni með móttöku í boði mennta- og menningarmálaráðuneytis en kaffiveitingar voru í boði Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns.

Fjöldmörg námskeið og kynningar voru haldnar á vegum félagsins árið 2011 og var þar tekið mið af nýrri útgáfu *Gegnis og leitir.is*, hinni nýju, samþætту leitargátt. Námskeiðin voru haldin í húsakynnum félagsins og víðar á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem farið var út á land að venju.

Síðla árs 2011 hófst undirbúningur þess að bjóða út hýsingu og rekstur *Gegnis og leitir.is* en þágildandi hýsingarsamningur, sem gerður var við Nýherja á árinu 2006, var þá að renna skeið sitt á enda. Undir handleiðslu Ríkiskaupa og Bjarna Júlíussonar ráðgjafa var í ársbyrjun 2012 farið í svokallað örútboð á grundvelli rammasamnings ríkisins, „RK 03.06 Hýsing og rekstrarþjónusta“. Fjórir aðilar buðu í verkið og átti Þekking ehf. hagstæðasta tilboðið. Í byrjun mars 2012 var undirritaður samningur milli Landskerfis bókasafna hf. og Þekkingar ehf. um hýsingu og rekstur *Gegnis og leitir.is* til næstu fjögurra ára. Samningurinn er að dómi stjórnarinnar hagstæður og má ætla að hýsingarkostnaður lækki umtalsvert á komandi árum.

Áður hefur verið sagt frá því að samleit í rafrænum tímaritsgreinum í Landsaðgangi hefur verið komið á í leitir.is í góðu samstarfi við umsjónarmann Landsaðgangs. Að baki þessum hluta samleitarinnar er vefþjónusta sem kallast Primo Central Index (PCI) og er hún rekin af Ex Libris. Fyrsta kastið var þjónustan virkjuð í gegnum tilraunaaðgang sem samið var um við kaup á Primo hugbúnaðinum. Reynslan af þjónustunni þótti góð og því ákvað félagið í lok árs 2011 að gera þjónustusamning við Ex Libris um notkun á PCI þjónustunni til frambúðar. Hún verður einnig notuð til að gera rafrænar séráskriftir háskólanna leitarbærar í gegnum leitir.is. Rætt hefur verið um að árlegt þjónustugjald, sem er 3,2 m.kr. á núverandi gengi, skiptist á milli Landsaðgangs og háskólanna en ekki hefur verið endanlega gengið frá því máli enn sem komið er.

Á sama tíma og gengið var til samninga um PCI var einnig samið um aðgang að svonefndri bX ábendingarþjónustu fyrir rafrænar tímaritsgreinar en hún bendir notendum rafrænna greina á skylt efni. Svo tekið sé dæmi til að varpa ljósi á hvað felst í ábendingarþjónustu má hugsa sér að notandi hafi leitað að ákveðinni grein eftir Jónu Jónsdóttur um flúormengun frá iðnaði og þá bendir kerfið honum á að margir þeirra sem leitað hafi að þessari grein hafa líka leitað að grein eftir Jón Jónsson sem fjallar um umhverfismat. Slíkar ábendingar kannast margir við sem nota bóksöluvefinn Amazon.com. Landskerfi bókasafna greiðir árlega gjald fyrir notkun á bX þjónustunni sem er um 1,5 m.kr. Þess má geta að bX byggir á notkunarupplýsingum úr SFX krækjuckerfinu sem félagið hefur rekið frá árinu 2006.

En hvernig mun Landskerfi bókasafna þróast á næstu árum? Hvernig verður rekstrarumhverfi okkar og hvert skal stefna?

Ef hugsað er til eðlis Landskerfis bókasafna, rekstrarumhverfis fyrirtækisins og framtíðarhorfa má minna á að þegar fyrirtækið kom til sögunnar ríkti fákeppni á markaði bókasafnskerfa hérlendis en í dag lætur nærri að þar sé um einokun að ræða. Slíkar aðstæður eru almennt taldar hagstæðar fyrir fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskygni en það á ekki við um Landskerfi bókasafna fremur en almennt um starfsemi bókasafna. Einokunaraðstæður leggja aukna skyldu á herðar okkar um að gæta aðhalds í rekstri og halda kostnaði okkar niðri og þar með kostnaði viðskiptavinanna en veita þó um leið góða þjónustu. Þessi sjónarmið aðhalds í rekstri annars vegar og góðrar þjónustu hins vegar geta vissulega stundum togast á en þar hefur þó að mínum dómi viðunandi jafnvægi náðst.

Meðal styrkleika Landskerfis bókasafna er þessi sterka staða á markaði þar sem öll helstu bókasöfn landsins eru nú í viðskiptum við félagið og enginn annar aðili á landinu er fær um að veita sambærilega þjónustu. Það er einnig meðal styrkleika okkar að fjárhagsstaða félagsins er sterk og starfsmenn öflugir.

Meðal veikleika félagsins eru atriði eins og það að við höfum mjög margbreytilega viðskiptavini hvað stærð þeirra og starfsemi varðar og getur því verið erfitt að gera þeim öllum til hæfis. Annar veikleiki er kannski að fyrirtækið er faliðað sem getur m.a. skapað vandamál ef starfsmannavelta eykst.

Þegar við horfum til framtíðar sjáum við áhugaverð tækifæri en einnig þróun sem getur ógnað félaginu. Kröfur um gagnvirkni bókasafnskerfa og tengingu við félagsmiðla munu án efa aukast. Fólk vill geta sett inn athugasemdir um bækur sem það hefur lesið og átt samræður um þær og ætlast þá til að auðvelt sé að tengja slíkt við vefviðmót bókasafnskerfisins og um leið við smáforrit á snjallsíma eða vinsælar samskiptasíður. Nefna má að leitir.is gefur raunar innskráðum notendum nú þegar kost á að skrá athugasemdir um bækur en af ýmsum ástæðum er lítil notkun á þeirri virkni enn sem komið er. Í næstu útgáfu Leita (leitir.is) sem gefin verður út í sumar verður hægt að „líka við“ safnkost og deila með öðrum á hinni vinsælu Fésbók sem mikið er í fréttum þessa dagana.

Í annan stað má gera ráð fyrir að rafbækur lækki umtalsvert í verði á næstu árum, sérstaklega rafbækur á ensku. Slík verðlækkun gæti haft umtalsverð áhrif á bókasöfn og bókasafnskerfi auk þess sem sú þróun öll getur haft mikil áhrif á bókaútgáfu og þar með óbeint á starfsemi bókasafna og Landskerfi bókasafna. Sumir hafa séð fyrir sér að veraldarvefurinn og rafbækur muni saman velta hefðbundnu bókarformi úr sessi og þá gera bókasafnskerfi úrelt. Eins og Marshall Breeding benti á í erindi sínu á afmælisráðstefnu Landskerfis bókasafna skapar vaxandi útbreiðsla rafbóka ný viðfangsefni fyrir framleiðendur bókasafnskerfa, m.a. vegna vanda við að gæta að höfundarétti. En varla er ástæða til að halda að bókasafnskerfi verði óþörf þó að notendur leiti í vaxandi mæli í rafrænar heimildir, annars vegar vegna þess að pappírsmenningar munu halda áfram að vera til við hlið rafrænna gagna, og hins vegar vegna þess að bókasafnskerfi hafa þróast yfir í að skrá og veita aðgang að fleiru en pappírsgögnum eins og leitir.is sýnir einmitt vel.

Á hinn bóginn þurfum við einnig að fylgjast með því sem gerist á sviði einfaldra og veflægra bókasafnskerfa á borð við LibraryThing sem geta nýst litlum bókasöfnum, auk

einkabókasafna. Mörg lítil bókasöfn eiga erfitt með að nýta sér Gegni vegna kostnaðar en ýmsir aðilar bjóða slíkum söfnum þægilega þjónustu sem við getum varla keppt við í bráð. Þá má minna á opinn hugbúnað fyrir bókasöfn en slík kerfi teljast þó vart boðleg enn fyrir kröfuhörð söfn vegna takmarkaðrar og óvissrar þjónustu.

Ein mesta tæknibreytingin, sem nú er við sjóndeildarhring, felst í að æ fleiri bókasafnskerfi verði rekin sem veflæg þjónusta. Það mundi fela í sér að fyrirtæki á borð við Landskerfi bókasafna ætti ekki eintak af hugbúnaði kerfisins heldur mundi eigandi kerfisins, hvort sem það væri Ex Libris eða annars hugbúnaðarframleiðandi, reka kerfið á eigin netþjónum á meginlandinu og við aðeins kaupa aðgang að því yfir netið. Þetta fyrirkomulag er meðal annars til þess fallið að auðvelda uppfærslur þar sem þær eru þá gerðar að miklu leyti í einu lagi, kerfið er aðeins til í einu eintaki, ef svo má segja, og tæknimenn framleiðanda sjá um uppfærsluna frekar en tæknimenn Landskerfis bókasafna.

Of snemmt er að spá fyrir um það hvort næsta kynslóð aðalbókasafnskerfis Íslendinga verði rekið með þessum hætti enda er ekki víst að menn telji gagnasamband til meginlandsins nógu traust og ekki er heldur víst að allir séu sáttir við að þessi mikilvægu gögn séu vistuð erlendis og tæknistörf flytjist kannski úr landi. Þessi breyting er nokkuð langt komin hjá Ex Libris og gæti það haft umtalsverðar breytingar í för með sér fyrir okkur ef ákveðið yrði að fara þessa leið.

Ég vil að síðustu halda þeim fróðleiksmola til haga að stjórnin hélt ellefu fundi á liðnu starfsári. Ég þakka stjórnarmönnum gott og ánægjulegt samstarf sem og því góða og færa starfsfólki sem hér vinnur. Þess má geta að tveir starfsmenn hafa hætt störfum hjá félaginu á síðustu mánuðum, þau Barði Einarsson og Fanney Sigurgeirsdóttir, og þökkum við þeim góð störf. Í þeirra stað er búið að ráða Ásdísi Huld Helgadóttur, bókasafns- og upplýsingafræðing, sem bráðlega kemur til starfa, og bjóðum við hana velkomna í teymið.